



Seyðisfirði 3.maí. 2017

Alþingi
bt.Fjárlaganefndar Alþingis
Alþingi við Austurvöll
150 Reykjavík

Efni: Útskrift úr fundargerð 2394. fundar bæjarráðs Seyðisfjarðarkaupstaðar 26.04.2017.
Eftirfarandi fært til bókar:
Miðvikudaginn 26.04.17 kom bæjarráð Seyðisfjarðar saman til fundar á skrifstofu bæjarins að Hafnargötu 44. Fundurinn hófst kl. 16:00.

Mætt: Margrét Guðjónsdóttir, Elfa Hlín Pétursdóttir og Vilhjálmur Jónsson sem ritaði fundargerð.

9. Ríkisfjármálaáætlun – breyting á virðisaukaskatti á ferðaþjónustu.

Tekin fyrir liður 3 úr fundargerð ferða- og menningarnefndar um áhrif hækkunar virðisaukaskatts á ferðaþjónustu úr 11% í 24%. Jafnframt farið yfir upplýsingar frá atvinnu-, menningar- og íþróttafulltrúa og fleiri aðilum um málið. Umsögn bæjarráðs er eftirfarandi:

„Áform ríkisstjórnar Íslands um að hækka virðisaukaskatt á ferðaþjónustu mun hafa afgerandi neikvæð áhrif á ferðaþjónustu á landsbyggðinni. Hækkun virðisaukaskatts mun óhjákvæmilega leiða til hækkunar á verði, sem getur leitt til enn frekari styttingar dvalar ferðamanna á Íslandi. Styttri dvöl ferðamanna þýðir að mun færri munu leggja leið sína til þeirra staða sem fjærst eru Keflavíkurlflugvelli, til dæmis á Austurland. Vonir og væntingar höfðu staðið til þess að hægt væri að byggja upp heilsársstarfsemi og auka þar með byggðafestu úti á landi. Fyrirhuguð áform um hækkun á virðisaukaskatti draga verulega úr líkum þess að svo geti orðið. Sterk staða krónunnar og gengisþróun gerir það ómögulegt að hækka verð í ferðaþjónustu frekar en orðið er, til að koma til móts við hækkun á virðisaukaskatti. Bæjarráð telur jákvætt að einfalda skattkerfi almennt þ.m.t. hvað varðar virðisaukaskatt. Hins vegar sé full ástæða til að meta áhrif þess gaumgæfilega og í viðu samhengi í samráði við sveitarfélög og atvinnugreinina“.

Virðingarfyllst


Inga Þorvaldsdóttir.